

3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2010-2011

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 3. desember 2010 kl.15:00

Mætt: Björn Víkingur Björnsson, Guðmundur Guðmundsson, Gunnólfur Lárusson og Sigurgeir Höskuldsson. Forföll boðuðu Aðalsteinn Á. Baldursson, Margrét Bjarnadóttir og Pétur Snæbjörnsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri félagsins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

1. Stefnumótun félagsins – yfirferð á lokadrögum

Guðlaug Gísladóttir (GG) frá Þekkingarneti Þingeyinga fór yfir lokadrög að stefnumótun félagsins og gerði grein fyrir vinnuferlinu. Haldnir voru tveir vinnufundir með sveitarstjórnarmönnum, eigendum, viðskiptamönnum og starfsmönnum og stjórnendum félagsins, annar á Húsavík en hinn á Þórshöfn. Þá var gerð skoðanakönnun meðal sama hóps þar sem leitað var eftir sjónarmiðum um starfssemi félagsins og tilgang. Fram kom að mikill samhljómur er um þörfina fyrir starfsemi AP og einnig þær megin áherslur sem fyrir liggja í stefnumótunarskjalinu. Einnig hefur farið fram innri greining á starfinu út frá þeim áherslum sem fram komu í stefnumótuninni, svokölluð „gap analyses“, sem verður lögð til grundvallar innleiðingaráætlunar fyrir stefnumótunina.

Farið var yfir skjalið lið fyrir lið og stefnumótunin samþykkt með smávægilegum breytingum sem framkvæmdastjóra og GG var falið að útfæra. Jafnframt samþykkt að starfsmenn vinni innleiðingaráætlun undir handleiðslu GG.

2. Forsendur rekstraráætlunar 2011

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála og megin forsendur varðandi rekstraráætlun næsta árs. Fyrir liggur af framlög ríkisins verða skorin verulega niður. Annars vegar er grunnframlag til félagsins sem greitt hefur verið í gegnum Byggðastofnun skorið niður um 9% frá því sem er á þessu ári og hins vegar er skilgreind rekstrarþóknun vegna vaxtarsamnings felld niður í drögum að nýjum samningi sem gildi á að taka um næstu áramót. Þetta hefur samtals í för með sér skerðingu framlaga á milli ára um 7,4 mkr.

Samþykkt að leggja það upp við sveitarfélögin að grunnframlögin verði skv. ákvæðum samstarfssamnings frá 2003 og að þau greiði til rekstrar nýs vaxtarsamnings samtals 4 mkr. sem er sama upphæð og verið hefur, skipt eftir íbúafjölda.

3. Hlutfjárukning félagsins

Farið yfir og rætt um útfærslu hlutfjárukningar sem samþykkt var á aðalfundi félagsins í júní sl. en heimildin fellur niður 28. febrúar 2011.

Í ljósi þeirrar áherslu sem fram hefur komið í stefnumótunarvinnu félagsins þess efnis að það eigi að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaganna í atvinnu- og byggðamálum héraðsins telur stjórnin mikilvægt að eignarhald félagsins endurspegli þá áherslu með því að það verði ekki dótturfélag stærsta sveitarfélagsins. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að jafnhliða því að aðrir hluthafar en sveitarfélögin taki þátt í hlutfjárukningunni, taki önnur sveitarfélög en Norðurþing á sig stærri hlut en nemur hlutfalli sínu af íbúafjölda héraðsins.

4. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að stjórn Baðfélags Mývatnssveitar ehf. hefði ákveðið að neyta forkaupsréttar fyrir félagsins hönd að hlut AP í félaginu.
- b) Rætt um skipan starfshóps vegna málefna Húsavíkurflugvallar en skv. bókun á síðasta stjórnarfundum hefur verið óskað eftir því við sveitarfélögin á starfssvæðinu að þau tilnefni fulltrúa í slíkan hóp. Svör hafa ekki borist og var samþykkt að ítreka erindið.
- c) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum iðnaðarráðuneytisins þess efnis að við endurnýjun þeirra þriggja vaxtarsamninga sem eru á Norðurlandi verði skilgreind sameiginleg áhersluatriði samninganna. Forsvarsmenn samninganna munu hittast í næstu viku til að fara yfir slíka möguleika.
- d) Stefnt að næsta stjórnarfundum í lok viku 50 (16. eða 17. des.) eða byrjun viku 51 (20. des.).

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:50